

## GJALDSKRÁ

**fyrir kattahald í Húnaþingi vestra.**

1. gr.

Eigendur katta í Húnaþingi vestra skulu greiða sveitarsjóði skráningargjald sem ætlað er að standa undir kostnaði skv. 2. gr. samþykktar um kattahald í Húnaþingi vestra nr. 172/2000. Innifalið í leyfisgjaldinu er merkispjald auk umsýslugjalda sveitarfélagsins.

2. gr.

Við umsókn um skráningu kattarins skal innheimta gjald að upphæð kr. 1.600.  
Ef endurnýja þarf merkispjald skal innheimta gjald að upphæð kr. 1.300.

3. gr.

Gjaldskrá þessi sem samþykkt var af sveitarstjórn Húnaþings vestra þann 2. desember 2010 er sett samkvæmt 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og á grundvelli samþykktar um kattahald í Húnaþingi vestra nr. 172/2000, öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi eldri gjaldskrá sama efnis nr. 175/2010.

*Hvammstanga, 18. janúar 2011.*

**Skúli Þórðarson** sveitarstjóri.

B-deild – Útgáfud.: 24. mars 2011